

STARFSAFL

Starfsmennt Samtaka atvinnulífsins og Flóabandalagsins (Eflingar – stéttarfélags, Verkalýðsfélagsins Hlífar og Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis).

REGLUGERÐ**1. gr.**

Sjóðurinn heitir Starfsafl fræðslusjóður, skammstafað úr Starfsmennt Samtaka atvinnulífsins og Flóabandalagsins. Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík. Sjóðurinn starfar samkvæmt ákvæðum í kjarasamningi Samtaka atvinnulífsins og ofangreindra stéttarféлага frá 13. mars árið 2000 og 1. mars 2004 með síðari breytingum. Sjóðurinn starfar með því skipulagi og markmiði sem segir í þessari reglugerð og nánari reglum sem stjórn sjóðsins setur.

2. gr.

Markmið sjóðsins er að efla starfs- og símenntun starfsmanna með það fyrir augum að þeir verði færari til að takast á við sífellt fjölbreyttari verkefni og að auka samkeppnishæfni fyrirtækjanna. Til þess að ná framangreindum markmiðum verður m.a. leitað samstarfs við fræðslusjóði, stéttarfélög, einstök fyrirtæki og/eða stofnanir.

3. gr.

Sjóðurinn sinnir hlutverki sínu með eftirfarandi hætti:

- Leggja áherslu á kynningar- og hvatningarstarf er tengist starfsmenntun. Þannig verði stuðlað að aukinni starfsmenntun í íslensku atvinnulífi fyrir almenna starfsmenn.
- Hafa frumkvæði að þróunarverkefnum í starfsmenntun.
- Kanna þarfir atvinnulífsins fyrir starfsmenntun almennra starfsmanna.

Sjóðurinn styrkir:

- Einstaklinga og fyrirtæki vegna starfsmenntunar samkvæmt nánari reglum stjórnar.
- Skipulag og stefnumótun fræðslu í fyrirtækjum.
- Nýjungar og endurskoðun námsefnis.

Jafnframt styrkir sjóðurinn þau verkefni sem aðilar semja sérstaklega um í kjarasamningi.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- Samningsbundin gjöld atvinnurekenda (starfsmenntaiðgjald) til sjóðsins eins og um semst á hverjum tíma. Við undirskrift reglugerðar er starfsmenntaiðgjald 0,3% af heildarlaunum félagsmanna sem aðild eiga að sjóðnum.
- Styrkir úr samkeppnissjóðum til verkefna sem samrýmast markmiðum sjóðsins.
- Vaxtatekjur.
- Aðrar tekjur.

Stjórn ákveður við hvern/hverja er samið um innheimtu starfsmenntaiðgjalds.

Samningur er borinn undir stjórn. Innheimtusamningur skal kveða á um bein skil til sjóðsins.

5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikningur sjóðsins skal endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda sem aðilar koma sér saman um. Sjóðurinn verður ávaxtaður á þann hátt sem stjórn telur hagkvæmast á hverjum tíma. Framkvæmdastjóra sjóðsins er heimilt, í samráði við stjórn, að semja við aðra aðila um að sjá um bókhald.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð sex mönnum til tveggja ára í senn, þremur skipuðum af Samtökum atvinnulífsins og þremur af stéttarfélagum sem aðild eiga að sjóðnum. Stjórnin kýs sér formann og varaformann. Stjórnin skal halda gerðabók og rita í hana samþykktir sínar. Til þess að samþykkt sé lögmæt þarf meirihluti stjórnarmanna að vera henni fylgjandi.

7. gr

Stjórnin stýrir starfi sjóðsins í samræmi við 3. gr. reglugerðar þessarar. Stjórn ræður framkvæmdastjóra sjóðsins sem stýrir skrifstofu sjóðsins. Skrifstofa Starfsafls annast umsýslu og reikningshald sjóðsins, innheimtir tekjur og sér til þess að reikningar og styrkir séu greiddir. Stjórnin skal árlega gera skýrslu um störf sín.

8. gr.

Breytingar á reglugerð þessari skulu hljóta samhljóða samþykki stjórnar sjóðsins.

Reykjavík, 2. júní 2015.

